

Sr. Gunnar Björnsson sellóleikari og David Knowles píanóleikari.

Egilsstaðir


Tónleikar fyrir selló og píanó

Á laugardag kl. 5 síðdegis verða tónleikar þeirra Gunnars Björnssonar sellóleikara og David Knowles píanóleikara í Valaskjálfi á Egilsstöðum. Á efnisskrá eru verk eftir Bach, Beethoven og Schubert og auk þess eitt íslenskt verk: Úr dagbók hafmeyjunnar fyrir selló og píanó eftir Sigurð Egil Garðarsson.

David Knowles er fæddur árið 1958 á Englandi og lauk prófi frá Royal Northern College of Music í Manchester árið 1980 og vann þá til verðlauna er fólu í sér námsstyrk til framhaldsnáms í meðleik. Hann hefur leikið með mörgum góðum tónlistarmönnum svo sem Peter Pears og Elisabet Schwarzkopf. Frá árinu 1982 hefur hann verið kennari Tónlistarskóla Fljótsdalshéraðs.

Séra Gunnar Björnsson Fríkirkjuprestur er fæddur 1944 og á sér langt nám að baki í sellóleik. Hann lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1967 og stundaði síðan framhaldsnám hjá þekktum kennurum erlendis. Hann hefur haldið tónleika víða um land.

– GFr



Arnór Benónýsson sem Pound og Viðar Eggertsson sem Williams.

Skjaldbakan í Nýlistasafni

Í kvöld frumsýnir Eggleikhúsið leikritið Skjaldbakan kemst þangað líka, nýtt íslenskt leikrit eftir Árna Ibsen, í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Höfundur er sjálfur leikstjóri en með hlutverkin tvö fara þeir Viðar Eggertsson og Arnór Benónýsson. Leikritið fjallar um samskipti bandarísku skáldanna Ezra Pound og W.C. Williams.

Önnur sýning verður á sunnudag og síðan verður sýnt á hverju kvöldi út vikuna. Sýningarnar hefjast kl. 21.

Haustmáluð ljóð

Á morgun, laugardaginn 10. nóvember kl. 15 opna Valgarður Gunnarsson og Böðvar Björnsson sýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Sýnd verða átján handmáluð ljóð eftir Böðvar, unnin í samvinnu þeirra Valgarðs og Böðvars.

Auk þess sýnir Valgarður u.þ.b. fjörutíu myndir unnar í ýmis efni, svosem olíu, vatnslit og gouache.

Valgarður Gunnarsson stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1975-79, og Empire State College í New York 1979-81.



Böðvar og Valgarður



Nemendaleikhúsið Lindarbæ sýnir Grænfjöðrung föstudaginn 9. nóvember, sunnudaginn 11. nóvember og mánudaginn 12. nóvember kl. 20.00. Grænfjöðrungur er ævintýraleikur fullur af kímni og fantasíu, veröld þar sem allt getur gerst.



Kvenfélag Karlakórs Reykjavíkur heldur hinn árlega basar sinn, kökusölu og flóamarkað að Hallveigarstöðum á morgun laugardaginn 10. nóvember kl. 14. Glæsilegt úrval muna, jólaföndur og skreytingar og aldrei meira úrval af kökum.




Dómkirkjukórinn syngur og leikur m.a. Dauðadans eftir H. Distler og fer Gunnar Eyjólfsson með hlutverk dauðans

Kjarvalsstaðir

Fyrsta einkasýning Guttorms Jónssonar

Pú og ég við byrjuðum eins.
Ein fruma og til varð ég,
önnur fruma og til varð tré.

Svo byrjar hugleiðing um tré í sýningarskrá Guttorms Jónssonar en hann opnar nú um helgina sýningu á skúlptúrverkum að Kjarvalsstöðum en flest verk hans eru unnin úr íslensku tré eða 18 af 29 á sýningunni. Hin eru unnin í stein og trefjasteinsteypu.



Guttormur við tvö verk á sýningunni sem bæði eru unnin í fyrra. Skúlptúrinn til vinstri heitir Glíman við fjárlagagatið en til hægri Samruni.

Guttormur Jónsson er fæddur og uppalinn í Laugardalnum í Reykjavík, sonur Jóns Björnssonar málarameistara og Gretu Björnsson sem bæði eru þekktir listamenn m.a. fyrir kirkjuskreytingar. Faðir Gretu var Axel Erdman, þekktur sænskur impressjónisti. Guttormur er húsgagnasmiður að mennt en stundaði síðan höggmyndanám í Myndlistarskólanum í Reykjavík á árunum 1978-1981. Hann hefur sýnt nokkrum sinnum á samsýningum en í ársbyrjun 1984 hlaut hann starfslaun í fjóra mánuði frá Menningasjóði Akraness en þar er hann búsettur og starfar við Byggðasafn Akraness.

Þetta er fyrsta einkasýning Guttorms og verður hún opin daglega kl. 14-22 frá 10.-25. nóvember.

–GFr

Tónlistardagar Dómkirkjunnar

Mikið um að vera um helgina

Tónlistardögum Dómkirkjunnar, sem hófust sl. miðvikudag, verður fram haldið nú um helgina.

Gestur á Tónlistardögunum er danski organleikarinn Jörgen Ernst Hansen og verða orgeltónleikar hans laugardaginn 10. nóv. kl. 17.00.

Sunnudaginn 11. nóv. verður hátíðarmessa, þar sem sérstaklega er vandað til alls tónlistarflutnings. Sr. Hjalti Guðmundsson predikar.

Sama dag kl. 17.00 verða lokatónleikar Tónlistardaganna. Þar mun Kór Dómkirkjunnar flytja verk eftir norska tónskáldið K. Nystedt „De profundis" – Úr djúpinu ákalla ég þig, – áhrifamikið ákall með grátsöngvum, fagnaðarópum, tali og hvísli, „Lofið Guð í helgidómi hans" eftir Þorkel Sigurbjörnsson og „Dauðadans" eftir H. Distler.

Gunnar Eyjólfsson leikari fer með hlutverk dauðans og kórfélagar með smærri hlutverk. Íslenska þýðingu á Dauðadansinum gerði Hjörtur Kristmundsson. Milli kórlaga leikur Orthulf Prunner, organisti við Háteigskirkju einleik á orgel